

**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2008**

Skýrsla stjórnar

Engar breytingar voru gerðar á stjórn Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps en hann skipa:

Jóhann F. Þórhallsson Formaður, Brekkugerði
Sigmar Ingvason Ritari, Valbjófsstað 1
Lárus Heiðarsson Gjaldkeri, Droplaugarstöðum

Stjórn sjóðsins fundaði 4 sinnum á árinu. Alls bárust 9 umsóknir. Voru 8 þeirra samþykktar en ein umsóknin þurfti betri undirbúnings og frekari útfærslu. Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta var á árinu 2008, 2.663.447 þús kr. og annar kostnaður 458.850 kr., samtals 3.122.297 þús kr. Heimild til ráðstöfunar var samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár 6.559.681 þús. kr og er því óráðstöfuð heimild ársins 3.437.384 þús. kr.

Framkvæmdir 2008

Eftirfarandi 8 verkefni voru samþykkt:

- Eyyrarland áburðargjöf á rýrt land og mela, stærð svæðis er um 12 ha. Dreift var 3,6 tonnum af áburði.
- Hrafnkelsstaðir sáning á grasfræi og áburðargjöf á gróðurlitla mela, stærð svæðis er um 8 ha. Dreift var 6 tonnum af áburði og 60 kg. af grasfræi.
- Víðivellir-Fremri áburðargjöf til að styrkja gróður á rýru mólendi með rofi í. Stærð svæðis er um 14 ha. Dreift var 3,68 tonnum af áburði.
- Sturluflöt áburðargjöf á rýrt og rofið land, stærð svæðis er um 49 ha. Borið var á sama svæði og 2007 auk þess sem borið var á nýtt svæði. Dreift var 3,6 tonnum af áburði.
- Brekkgugerði, áburðargjöf á rýrt og rofið land stærð svæðis er um 12 ha. Dreift var 1,8 tonnum af áburði.
- Arnheiðarstaðir, áburðargjöf á rýrt og rofið land stærð svæðis er um 15 ha. Dreift var 1,8 tonnum af áburði.
- Vallholt sáning á grasfræi og áburðargjöf á gróðurlitla mela, stærð svæðis er um 11 ha. Dreift var 1,8 tonnum af áburði og 40 kg. af grasfræi.
- Glúmstaðir og Arnaldsstaðir, herfing gamalla túna og úthaga, sáning smára og áburðargjöf stærð svæðis er um 5,4 ha. Dreift var 2,4 tonnum af áburði og 30 kg. af smára.

Samtals var dreift 24.880 tonnum af áburði, 130 kg af grasfræi og smára á 126,4 ha. lands. Öll svæðin eru undir 300 m.h.y.s., nema svæðið á Sturluflöt sem er í rúmlega 500 m.h.y.s..

Gjaldkeri hefur fylgst með framkvæmdum og metið árangur.

Samþykkt í Végarði 6.04.2009